

Reykjavík



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 3. október 2025
USK25010001

TILLAGA

Bann við vinstri beygju af Bríetartúni á Borgartún

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bann verði lagt við vinstri beygju af Bríetartúni á Borgartún.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Gatnamót Bríetartúns og Borgartúns eru staðsett mjög nærri gatnamótum Borgartúns og Snorrabrautar, og hefur umferðarsöfnun þar bein áhrif á bæði gatnamót.

Á tímum þar sem uppsöfnun er á akrein til vesturs á Borgartúni vegna umferðarljósa við Snorrabraut, kemur reglulega fyrir að ökutæki sé ekið úr Bríetartúni með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri, vesturs, að gatnamótum við Snorrabraut, en vegna uppsöfnunar hindra þessi ökutæki akstur til austurs á Borgartúni. Af þessum sökum minnka afköst gatnamóta Snorrabrautar og Borgartúns, ásamt því að göngu- og hjólaþverun yfir Borgartún við gatnamótin verða hindruð af uppsöfnuðum ökutækjum. Þetta getur valdið því að viðbragðstími lögreglu, sem hefur höfuðstöðvar nærri gatnamótunum, geti lengst. Það er því talið æskilegt að banna umrædda vinstri beygju, enda aðrar leiðir til að komast til vesturs frá Bríetartúni.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deild samgangna

Hjálagt: Teikning sem sýnir tillögu að banni við vinstri beygju



Reykjavík





RE_ Sérákvæði - Bann við vinstri beygju af Bríetartúni á Borgartún

Móttekið	30.10.2025 09:09:44
Búið til dags.	30.10.2025 09:10:57
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is

Innihald

Góðan daginn.

Samþykkt án athugasemda.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn
Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
[4441000](#)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

From: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 30.10.2025 09:06
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>
Subject: FW: Sérákvæði - Bann við vinstri beygju af Bríetartúni á Borgartún

Góðan daginn

Í framhaldi af tillögu Reykjavíkurborgar að *Bríetartún* – *undanpága gegn einstefnu fyrir viðbragðsaðila* þá óskar Reykjavíkurborg eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja



Magnús Ársælsson
Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur





Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 29. október 2025
USK25010001

TILLAGA

Bríetartún – undanpága gegn einstefnu fyrir viðbragðsaðila

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að viðbragðsaðilar verði undanþegnir einstefnu á Bríetartúni til vesturs, vestan við Bríetartún 1.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Í tengslum við akstur að og frá lögreglustöðinni á Hlemmi hefur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskað eftir því að viðbragðsaðilar fái heimild til að aka gegn einstefnu vestast á Bríetartúni, vestan við Bríetartún 1, að innkeyrslu að lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113-115.

Viðbragðsaðilum er heimilt að aka umrædda leið í forgangsakstri í samræmi við 6. mgr., 11. gr., umferðarlaga (nr. 77/2019 með áorðnum breytingum), en skorður eru á því hvenær heimilt er að aka í forgangsakstri sem nær ekki utan um þau tilfelli sem um ræðir. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur skilning á þeim áskorunum sem kunna að fylgja undanþágunni, en leggur áherslu á að lausnin sé brýn fyrir öryggi og skilvirkni viðbragðsaðila.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Beiðni LRH um undanþágu fyrir viðbragðsaðila



Ósk frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu_

Móttekið	29.10.2025 14:49:48
Búið til dags.	29.10.2025 15:48:04
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is

Innihald

Góðan dag.

Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu (LRH) óskar formlega eftir því að umferð viðbragðsaðila (neyðarakstursökutæki) fá að aka gegn einstefnu vestur Bríetartún að „rampi“ inn á athafnasvæði LRH við Hverfisgötu. Umræddur vegarkafli er um 10 metrar að lengd frá skilti nr 302 að „rampi“. Eðlilegt þykir þá einnig að setja upp merki nr 212/214.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn
Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
[4441000](#)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



RE_ Sérákvæði -Bríetartún – undanþága gegn einstefnu fyrir viðbragðsaðila

Móttekið	30.10.2025 09:09:04
Búið til dags.	30.10.2025 09:10:45
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025
Frá	Logi Sigurjónsson (logi.sigurjonsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, arni.fridleifsson@lrh.is, lrh@lrh.is

Innihald

Samþykkt án athugasemda fyrir hönd LRH.

Kveðja,

Logi Sigurjónsson

Aðalvarðstjóri

Umferðardeild

logi.sigurjonsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

**Lögreglustjórinn á
höfuðborgarsvæðinu**

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is

[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er
prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 30.10.2025 08:44
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: Sérákvæði -Bríetartún – undanþága gegn einstefnu fyrir viðbragðsaðila

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja

Magnús Ársælsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>